

Minnisblað fyrir bæjarráðsfund 27. mars 2018

HM á Garðatorgi

1. Leyfismál vegna útsendingar

FIFA – sótt um á netinu (upplýsingar frá KSÍ), mögulega leyfisgjöld ef umgjörð er með þeim hætti að áhorfendatala fer yfir ákveðinn fjölda sem og ef einhver sala fer fram á staðnum RÚV – kanna þarf nánar leyfismál.

2. Samlegðaráhrif við 17. júní

Fyrsti leikurinn Ísland - Argentína fer fram laugardaginn 16. júní kl. 13:00 að íslenskum tíma. Tæknibúnaður sem yrði settur upp á Garðatorgi gæti nýst áfram við hátíðarhöld á 17. júní. Það sama á við um aðra umgjörð á torginu, s.s. lokanir, svið og aðra uppröðun. Skátarnir hafa áður haft hug á því að skoða aðra staði fyrir 17. júní hátíðarhöld og eru opnir fyrir því að kanna frekar möguleika á því að hafa hátíðarhöldin á Garðatorgi. Í samtali við Hafðísi Báru skátaforingja Vífils lýsti hún yfir jákvæðum hug skátafélagsins til að skoða þetta nánar.

3. Tæknibúnaður / skjáir

Leitað hefur verið upplýsinga hjá nokkrum fyrirtækjum sem eru með leigu á stórum skjám og hljóðbúnaði sem fylgir (Exton, HljóðX og Billboard á Íslandi). Verð á skjám og búnaði sem fylgir getur verið mismunandi eftir stærð skjás og uppsetningu. Stærð LEDskjáanna er á bilinu 12-28 fm. Uppsetningar geta verið mismunandi, dæmi: Skjár hengdur í krana, skjár inni í sviðsbíl/vagni, skjár inni í vagni sem lyftist upp úr vagninum. Kostnaður getur verið frá 500 þúsund upp í 1,5 milljón + vsk fyrir leigu og uppsetningu í 1 dag. Bæta þarf við einhverjum kostnaði við að hafa búnaðinn uppi lengur en í 1 dag, mögulega gæslukostnað umfram leigukostnað. Ekki er búið að leita formlegra tilboða heldur er þetta eingöngu áætlað verð.

4. Umgjörð

Hugmynd að HM útsendingu hefur verið kynnt hagsmunaðilum á Garðatorgi, þ.e. stjórn miðbæjarsamtakanna. Í samtali við rekstraraðila á torginu (Mathúsið/Nú) hafa komið fram ýmsar hugmyndir um umgjörð og útfærslu á útsendingunni á torginu. Til að búa til áhugaverðan viðburð og styðja við starfssemina á torginu væri æskilegt að skoða hvernig hægt er að búa til umgjörð í kringum útsendinguna, s.s. dagskrá á sviði á undan og meðan á leik standur í hléii o.s.v.frv. Dæmi: Hægt að vera með útiveitingaborð, sölu á veitingum utandyr, mini „street food“ markaður (sem innan), rekstraaðilar aðrir setji upp borð og stóla fyrir framan hjá sér, útmarkaður með sölu/kynningarbásum rekstraraðila á torginu, leiksvæði fyrir börn og fullorðna eins og t.d. minigervigrasvöllur þar sem hægt er að vera með vítaspyrnukeppni, körfuboltavellir settir upp, svæði fyrir hjólabretti/hjólabraut o.fl. Einnig væri hægt að hafa gervigras sem svæði til að sitja á og horfa á leikinn. Gestir gætu verið hvattir til að koma með útilegustólana með sér. Mögulega hægt að setja upp tjald/segil á milli húsa eða annars staðar til að búa til skjól. Skoða hvort það ætti að kynna dagskrá á laugardegi og sunnudegi sem eina heild, hátíðarstemning í Garðabæ á HM og 17. júní.

5. Samstarfsaðilar / viðburðafyrirtæki / félög

Til að halda áfram með undirbúning væri æskilegt að fá til leiks samstarfsaðila um verkefnið. Skoða þarf hvort Stjarnan (knattspyrnudeild) væri tilbúin að hafa einhverja aðkomu að þessum viðburði og með hvaða hætti. Ef til vill þyrfti að leita til viðburðafyrirtækis um aðstoð við undirbúning og verkefnastjórn á staðnum, með svipuðum hætti og þegar afmælishátíð Garðabæjar var haldin á Garðatorgi í byrjun september 2016. Einnig væri hægt að skoða hvort einhverjir styrktaraðilar væru tilbúnir að koma að þessum viðburði, t.d. með auglýsingum á skjám eða með öðrum hætti.

6. Reynolds annarra

Leitað hefur verið upplýsinga hjá öðrum sveitarfélögum um hvernig var staðið að útsendingu á EM í knattspyrnu karla sumarið 2016.

- **Reykjavíkurborg**
EM sviðið sumarið 2016. KSÍ, Borgun, Icelandair, Íslenskar getraunir, Landsbankinn, N1, Coca-Cola European Partners Ísland og Reykjavíkurborg sem stóðu að EM torginu í samvinnu við RÚV. Manhattan Marketing hafði veg og vanda að skipulagningu EM torgsins í samstarfi við Reykjavíkurborg og bakhjarla torgsins. Skjár frá HljóðX
- **Akranes**
Akranes sýndi frá einum leik á EM 2016 í tengslum við bæjarhátíðina Írskir dagar. Skjárinn var 26 fm eða sama stærð og á Arnarhóli (stærri en á Ingólfstorgi). Skjár frá Exton
- **Hafnarfjörður**
Leikur Íslands og Frakklands var sýndur í beinni útsendingu á Thorsplani. Bærinn og fjölmörg fyrirtæki komu að verkefninu á einn eða annan hátt. Markaðsstofa Hafnarfjarðar hélt utanum verkefnið. HljóðX sá um skjá og hljóðkerfi. Einhver vandamál voru varðandi sýningarrétt og styrktaraðila (en þá var þetta á vegum UEFA en ekki FIFA).
- **Kópavogsbær**
Leikurinn Ísland – Frakkland var sýndur sumarið 2016 á Rútstúni. Ákveðið með stuttum fyrirvara, lítil kynning, engin dagskrá en sýnt beint frá EM-stofunni sem hófst 2 tímum fyrir leik.
- **Reykjanesbær**
Útsending þar var af hálfu einkaaðila sem sótti um leyfi til þess frá umhverfissviði bæjarins. Útsendingin var ár risaskjá í skruðgarðinum. Að sögn starfsmanns Reykjanesbæjar setti þetta skemmtilegan svip á miðbæinn og fjölmargir nýttu sér þessa útsendingu, ef eitthvað hefði mátt betur fara var það kannski hve stuttur undirbúningurinn var. Líklegt er að þetta verður endurtekið skv. upplýsingum frá Reykjanesbæ.